

## Til stjórnar Gildis-lífeyrissjóðs

Tillaga til ályktunar

Óskast borið upp á ársfundi  
Gildis-lífeyrissjóðs 12. apríl 2018

Ársfundur Gildis-lífeyrissjóðs 2018 ályktar að stjórn sjóðsins óski nú þegar eftir viðræðum við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóð verslunarmanna og Birtu lífeyrissjóð um stofnun sameiginlegs stýrihóps sjóðanna um erlendar fjárfestingar. Hlutverk hans yrði að móta stefnu og hafa umsjón með þeim að öllu leyti.

### Greinargerð:

Fjárfestingar erlendis eru gríðarlega áhættusamar. Tillögunni er ætlað að sameina þekkingu og krafta sjóðanna við fjárfestingar erlendis. Þá er henni einnig ætlað að draga úr umsýslukostnaði sjóðanna við erlendar fjárfestingar, sem nemur milljörðum á ári hverju. Má í því sambandi nefna að í ársskýrslu Gildis lífeyrissjóðs 2017 er umsýslukostnaður við erlendar fjárfestingar áætlaður 943 milljónir. Upphæðin er ríflega tvöfalt hærrí en laun og launatengd gjöld 33 starfsmanna sjóðsins og stjórnar.

4. apríl 2018

Örn Pálsson framkvæmdastjóri, sjóðfélagi  
og fulltrúi Landssambands smábátæigenda  
í fulltrúaráði Gildis-lífeyrissjóðs